

42

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir „kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

43

27. júní

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.